

# Fréttabréf Reykjahlíðarskóla



## Á döfinni

6. okt. Opið hús 6. – 10. bekkjar  
kl. 19:30 – 21:30

12. okt. Skólaþjónustan í  
heimsókn.

13. okt. Rýmingaræfing kl. 10.

14. og 15. okt. Vetrarfrí.

18. – 22. okt. Danskennsla

20. okt. Opið hús - 6. – 10. bekkur  
19:30 – 21:30.

18. – 22. okt. Danskennsla

## Pistill skólastjóra

Heil og sæl,

Þá hefur veturinn minnt á sig og hlýtt sumarið nú orðið minning ein.

Ég vil þó nýta tækifærið og minna foreldra á að húðvörn (oftast rangnefnd sólarvörn) er þarfþing allt árið um kring á meðan bjart er. Aldrei er of oft kveðið um notkun hennar og vert að minna á að geislar sólar eru rötsterkir og ná í gegnum ský og snjórinn endurkastar þeim svo á okkur á veturna. Besta húðvörn sem völ er á er fatnaður, hins vegar eru svæði sem sjaldnast eru hulin fatnaði og gott er að bera húðvörn á daglega.

Kær kveðja,

Hjördís

## Grænfáni og heilsueflandi

Matarsóun – vigtun á matarleifum  
nemenda og starfsfólks 28. sept – 1.  
okt.

Munum eftir  
húðvörn.

Líka á veturna

## 4. – 6. bekkur

Við í 4. – 6. bekk byrjuðum á Krakkaspjallinu í september og munum halda því áfram í október, tveir tímar á viku fara í það. Við ætlum einnig að leggja meiri áherslu á íslenskuverkefni og hvíla okkur aðeins á landafræðinni. Þar sem við vonum að við getum komið fram á sviði í nóvember og sýnt leikrit munu æfingar byrja í október.

## 2. – 3. bekkur

Í október munum við halda áfram að vinna með Vináttu og samskipti. Við erum svo heppin að það er að koma nýr nemandi í okkar stofu og hlökkum við til að taka á móti honum.

Við höfum verið að vinna samþætt verkefni tengt Sögunni af bláa hnettinum eftir Andra Snæ Magnússon, þar tengjum við saman margar námsgreinar, stærðfræði, íslensku, lífsleikni, náttúrufræði, samfélagsgreinar og upplýsinga- og tæknimennt. Við höfum t.d. rætt um fiðrildi, mörgæsir, búið til óskasteina og rætt um martraðir.

Við einbeittum okkur að íslensku í september en núna í október ætlum við að einbeita okkur að stærðfræði, klukkunni, samlagningu og frádrætti og 3. bekkur byrjar að kynnst margföldun

## 1. bekkur

Í fyrsta bekk er alltaf nóg um að vera. Við erum að læra stafi og tölur, erum að lesa fyrstu orðin og æfa okkur að skrifa. Við leikum, hlustum, vinnum saman og aukum smá saman úthald og einbeitingu. Þessa daga hlustum við einnig á söguna um Rummung ræningja, sem er hræðilegur fantur og á vin sem er ekkert skárri, það er galdramaðurinn Petrosílius.

## Jákvæður agi

Í nefndinni í vetur eru Sigríður Sigmundsdóttir, Ólöf Þuríður Gunnarsdóttir, Ingunn Guðbjörnsdóttir og Eydís Elva Eymundsdóttir. Í vetur ætlum við að leggja áherslu á samskiptafærni, sjálfstjórn, hrós og hvatningu, hugum að mistökum og hvernig við getum leiðrétt þau. Á vormánuðum verður áhersla lögð á að leita lausna.

## 7. – 10. bekkur

Í september hafa nemendur verið að vinna í excel verkefnum, og búa til könnun þar sem niður stöður eru unnar í excel og kynntar fyrir hinum nemendum. Er því verkefnið metið í íslensku og stærðfræði.

Föstudaginn 24. sept. fórum við með Jóhönnu íþróttakennara á Grunnskólamótið á Laugum þar sem 9 grunnskólum er boðin þátttaka. Þar kepptum við m.a. í dodgeball og enduðu stelpurnar í 2. sæti og strákarirnir í 3. – 4. sæti.

Ákveðið hefur verið að setja upp Ávaxtakörfuna á árshátíðinni 4. nóv. og er samlestur hafinn.

# Dagskrá Reykjahlíðarskóla október 2021

mánudagur	þriðjudagur	miðvikudagur	fimmtudagur	föstudagur	laugardagur	sunnudagur
4. Soðinn fiskur, kartöflur, grænmeti og lauksmjör.	5. Kjöt í karrý, hrísgrjón og grænmeti.	6. Plokkfiskur, rúgbrauð og grænmeti.  <b>Blakmót 4.-6. bekkur.</b> <b>Opið hús 6.-10. bekkur kl. 19:30-21:30. Akstur.</b>	7. Pizza og grænmeti.	8. Pylsupasta og grænmeti.	9.	10.
11. Steiktur fiskur, kartöflur og grænmeti.	12. Gúllas, bygg og grænmeti.  <b>Skólaþjónusta</b>	13. Hamborgari, franskar og grænmeti.  <b>Rýmingaræfing kl. 10.</b>	14. <b>Vetrarfrí.</b>	15. <b>Vetrarfrí.</b>	16.	17.
18. Fiskréttur og grænmeti.	19. Kjúklíngaleggir, kartöflur og grænmeti.	20. Fiskur í karrý, hrísgrjón og grænmeti.  <b>Opið hús 6.-10. bekkur kl. 19:30-21:30. Akstur.</b>	21. Grænmetisbuff, bygg, grænmeti og súrsæt sósa.	22. Kjötbollur bolognese, pasta og grænmeti.	23. <b>Danskennsla í þessari viku. Nemendur þurfa að koma með skó.</b>	24.
25. Fiskur í ofni, hrísgrjón og grænmeti.	26. Lasagne, brauð og grænmeti.	27. Silungur, kartöflur og grænmeti.	28. Grænmetisréttur.	29. Chili con carne, grænmeti.	30.	31.